

Er gagnsókin var þingfest síðar í sama þinghaldi var hún sameinuð aðalsök sem hæstaréttarmál nr. 234/1985. Beiddust gagnáfrýjendur þess sem fyrr, að málinu yrði einungis frestað til janúarmánaðar, en aðaláfrýjandi óskaði eftir fresti til febrúarmánaðar svo sem hann hafði gert um aðalsök.

Þar sem dómssgerðir og ágrip þeirra hafa þegar verði lögð fyrir Hæstarétt er eigi þörf á að veita aðaláfrýjendum svo langan frest sem 41. grein laga nr. 73/1975 tiltekur, enda er hans eigi beiðst. Umboðsmaður aðaláfrýjanda hefur tilkynnt Hæstarétti væntanlegar fjarvistir sínar erlendis dagana 14. desember 1985 til 15. janúar 1986. Samkvæmt því og þar sem að sýnt er, að mál þetta getur ekki orðið flutt í Hæstarétti í janúar, verður hinn umbeðni frestur veittur til febrúarmánaðar næstkomandi samkvæmt beiðni aðaláfrýjanda.

Kröfu aðaláfrýjanda um málskostnað vegna úrskurðar þessa verður ekki sinnt.

#### Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er frestað til febrúarmánaðar næstkomandi.

Þriðjudaginn 10. desember 1985.

Nr. 168/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Ragnari Erni Eiríkssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Brot gegn 110. gr. alm. hegningarlaga. Þjófnaður. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að því er þennan ákærða

varðar og að kröfu hans með stefnu 6. júní 1985 og þá jafnframt til þyngingar af hálfu ákæruvalds.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 11. október 1985.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt þar á meðal yfirlýsing dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um afplánun þeirra refsinga sem ákærða var veitt reynslulausn af hinn 29. janúar 1983, samtals 135 daga.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er ákærða Ragnar Örn Eiríksson varðar. Þess hefur verið gætt, að með 9. gr. laga nr. 42/1985 hefur ákvæði í 110. gr. almennra hegningarlaga um lágmark refsingar verið felld úr gildi.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 15.000,00 krónur.

Hinn 21. maí 1985 setti héraðsdómariinn í máli þessu, Karl F. Jóhannsson fulltrúi, sakadóm Árnassýslu í skrifstofu verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, að Ránargötu 13 í Reykjavík til þess eins að birta dóminn fyrir verjandanum. Þessi háttur á dómsbirtingu var bæði óþarfur og óviðeigandi.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er ákærða Ragnar Örn Eiríksson varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 15.000,00 krónur.

#### S é r a t k v æ ð i

**Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.**

#### Ákæruliður II.

Ekki eru gögn um það í málinu, að ákærði og meðákærði í héraði, H, hafi mánudaginn 16. janúar 1984 afráðið í félagi að strjúka saman, áður en þeir fóru út úr fangelsisbyggingunni, enda gátu þeir naumast fyrirfram vitað, að þeir kæmust fram hjá varðmanni án þess að taka svonefnd „útivistarspjöld“. Ákærði hefur

neitað skýrslum H um orðaskipti þeirra á fangelsislóðinni, sem greind eru í héraðsdómi. Þegar af þeirri ástæðu teljast þau vera ósönnuð, eins og á stendur. Frekari rök eru ekki leidd að því, að þeir hafi sammælst um að hjálpast að að strjúka. Ber því að sýkna ákærða af þessum lið ákærunnar.

### *Ákæruliður III.*

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til framanritaðs og með hliðsjón af 255. gr. sbr. 71. og 72. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómara um greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins.

### **Dómur sakadóms Árnassýslu 8. febrúar 1985.**

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. janúar sl., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 12. apríl sl., á hendur H og Ragnari Erni Eiríkssyni, fæddum 9. maí 1960 í Reykjavík, refsiföngum á Vinnuhælinu á Litla-Hrauni.

II. Á hendur ákærðu báðum fyrir að hafa mánudaginn 16. janúar 1984, er ákærðu voru í refsivist á Vinnuhælinu á Litla-Hrauni, afráðið í félagi að strjúka saman af vinnuhælinu og síðan strokið af hælinu samdægurs og farið til Reykjavíkur. Ákærði H kom sjálfviljugur í vinnuhælið síðdegis næsta dag, en ákærði Ragnar Örn var handtekinn í Reykjavík aðfaranótt miðvikudagsins 18. sama mánaðar.

Telst þetta atferli ákærðu varða við 110. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

III. Á hendur ákærða Ragnari Erni fyrir að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 7. desember 1983, í félagi við E brotist inn í „Videospóluna“, Holtsgötu 1 í Reykjavík, og stolið myndbandstæki.

Telst þetta athæfi varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, ákærði H til þess að þola upptöku 123,5 gr. af kannabisefnum og reykjarpípu samkvæmt

5. og 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni og ákærðu báðir til þess að greiða allan kostnað af sökinni.

### *Málavextir.*

## II.

Mánudaginn 16. jan. 1984, um kl. 23:10, fengu fangaverðir á Litla-Hrauni vitneskju um, að ákærði H hefði strokið frá Litla-Hrauni og væri staddur í Reykjavík. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós, að auk ákærða H vantaði refsifangann Ragnar Eiríksson, ákærða í máli þessu.

Ákærði H gaf sig fram á Litla-Hraun um kl. 14:00 hinn 18. jan. 1984. Ákærði Ragnar var handtekinn af lögreglu miðvikudaginn 18. janúar að Ystafelli 30 í Reykjavík. Voru ákærðu skv. ákvörðun fangelsisstjóra Litla-Hrauns gert að sæta einangrun í mánuð.

Með bréfi dómsmálaráðuneytis, dags. 18. jan. 1984, fór ráðuneytið þess á leit við sýslumann Árnessýslu, að mál þetta yrði rannsakað með tilliti til þess, hvort um refsivert athæfi væri að ræða. Í framhaldi af því fór fram lögreglurannsókn.

Í yfirheyrslu 19. jan. 1984 kvaðst ákærði H mánudaginn 16. janúar 1984 hafa verið í skóla vinnuhælisins til kl. rúmlega 14:30. Eftir þann tíma var hann á rölti um húsið og hitti þá meðákærða Ragnar Örn á göngum vinnuhælisins. Hafi þeir farið inn á herbergi ákærða H og drukkið þar te. Þegar komið var að útivistartíma kl. 15:15, kvaðst ákærði H hafa stungið upp á því, að þeir færu út í lyftingasal, og samþykkti ákærði Ragnar það. Hafi hann síðan farið fram hjá verðinum án þess að taka merki, sem fangar eiga að taka, þegar þeir fara út úr sjálfu fangahúsinu. Væru fangaverðir vanir að rétta föngum merki þessi, þegar fangar færu út, en svo hafði ekki verið gert. Að sögn ákærða H, kom ákærði Ragnar Örn rétt á eftir honum, en ákærði H kvaðst hafa verið kominn út, þegar Ragnar fór fram hjá verðinum.

Kvaðst ákærði H hafa farið beint í æfingasalinn og hafi meðákærði Ragnar komið strax á eftir honum inn í salinn. Hafi nokkrir menn verið í æfingasalnum, en enginn fangavörður. Dvaldi hann nokkra stund í æfingasalnum, en þegar hann fór þaðan, kvaðst hann hafa ákveðið að strjúka af hælínu, þar eð hann hefði vitað það, að ekki yrði tekið eftir, að hann vantaði, fyrr en á „innlokunartíma“ fanga kl. 23:40, þar sem framangreint „merki“ var uppi og benti til þess, að hann væri inni í fangahúsinu. Kvaðst ákærði H hafa þurft að leysa persónuleg og viðkvæm mál í Reykjavík, sem hann gat ekki skrifað um og póstsent eða talað um í síma, þar sem sími væri hleraður og bréf lesin á vinnuhælinu.

Ákærði H kvaðst hafa farið úr æfingasalnum út á lóð hælisins og falið

síð í hellustæðum þar fram til kl. 18:00, er hann sá Ragnar Örn vera að klifra yfir girðingu, sem er umhverfis vinnuhælið, og hlaupa áleiðis upp á veg. Hafi hann þá hlaupið úr felum sínum og á eftir Ragnari og náð honum við afleggjarann að Stokkseyri. Hafi þeir Ragnar síðan hlaupið upp mýrina áleiðis að Selfossi og komu að Selfossi um kl. 20:30. Gengu þeir yfir Ölfursárbrú og fengu far með bifreið skammt vestan brúarinnar til Hveragerðis. Þaðan hafi þeir fengið far með áætlunarbifreið til Reykjavíkur, þar sem þeir gistu um nóttina hjá vinkonu Ragnars.

Um miðjan næsta dag skildu leiðir þeirra uppi í Breiðholti.

Í yfirheyrslu þessari var ákærði sérstaklega spurður um það, hvort samantekin ráð hefðu verið hjá þeim Ragnari að taka ekki merkin í þeim tilgagni að strjúka, en hann svaraði þeirri spurningu afdráttarlaust neitandi.

Föstudaginn 20. janúar 1984 var ákærði Ragnar yfirheyrður. Umræddan dag 16. jan. 1984 kvaðst hann hafa verið við vinnu eins og venjulega frá kl. 09:00 fram undir kl. 15:00. Eftir vinnu hafi hann farið inn í herbergi sitt og fengið sér kaffi. Þegar hann var við kaffidrykkju sína, hefði ákærði H komið í dyragættina, en þeir hefðu talað um það áður að æfa lyftingar út í æfingasalnum. Kvaðst ákærði Ragnar hafa haft takmarkaðan áhuga á því. Hafi ákærði H ekki komið inn í herbergið, heldur rétt staldrað við í dyragættinni, meðan ákærði Ragnar fór í jakka, en síðan farið með H. Hafi þeir farið nánast saman út úr húsinu, H þó ívið á undan, fram hjá verðinum, án þess að taka útivistarmerki. Kveður ákærði Ragnar þá hafa farið beint út í æfingasalinn. Æfðu þeir þarna í stutta stund, en fljótlega kvaðst ákærði Ragnar hafa farið að hugsa út í það, að þar sem útivistarmerki hans væri uppi og hans yrði ekki saknað fyrst um sinn, væri þetta kjörið tækifæri til að strjúka. Hafi hann því farið út í steypuskálann, þar sem holsteinar eru steptir, og falið sig þar fram í myrkur. Þegar honum fannst hæfilega dimmt orðið, hafi hann farið yfir girðinguna og haldið áleiðis á Selfoss. Er út á veg var komið, kveður ákærði Ragnar meðákærða H hafa komið hlaupandi á eftir. Hafi honum brugðið í fyrstu, en svo bent H á, að ekki væri gott, að þeir væru saman, ef þeir yrðu teknir, og væri betra, að þeir færu ekki saman. H hafi ekki viljað fara og sagt, að þeir skyldu halda áfram. Hefði orðið úr, að þeir gengu upp mýrina að Selfossi og vestan við Ölfusá fengu þeir bílfar til Hveragerðis og þaðan síðan til Reykjavíkur með áætlunarbifreið. Varðandi ferðir þeirra í Reykjavík skýrði ákærði Ragnar frá á sama veg og ákærði H hér að framan.

Ákærði H var að nýju yfirheyrður framangreindan dag 20. jan. Aðspurður, hvort þeir Ragnar hefðu verið lengi inni í herbergi Ragnars, áður en þeir fóru, kvað H þá hafa verið í herberginu 15-20 mínútur og drukkíð sinn bollann hvor af tei.

Ástæðu ströksins kvað hann þá, sem að framan getur. Sunnudaginn 15.

jan. 1984 kvaðst hann engar heimsóknir hafa fengið og hafi hann séð, að hann yrði að grípa til einhverra ráða til að koma málum sínum í kring, en ætlaði að bíða til næsta mánudags. Tækifærið hafi þó komið mánudaginn 16. janúar og hafi hann notfært sér það.

Priðjudaginn 24. jan. 1984 var ákærði H enn yfirheyrður, og breytti hann þá framburði sínum. Kvaðst hann sunnudaginn 15. jan. hafa komið inn í herbergi Ragnars Arnar Eiríkssonar. Hafi borist í tal milli þeirra ákærðu að strjúka úr fangelsinu. Í yfirheyrslu þessari skýrði ákærði H frá því, að þeir Ragnar hefðu yfirgefið æfingasalinn svo til samtímis í þeim tilgangi að strjúka. Hafi þeir farið meðfram vinnuskálunum, austur fyrir enda þeirra og til baka fyrir norðan skálana og inn í holsteinasteypuna. Hafi ákærði Ragnar verið á undan, en ákærði H kvaðst hafa fylgt honum fast á eftir. Að sögn ákærða H, földu þeir sig í norðausturhorni steypuskálans til kl. 18:00, þar til dimmt var orðið, að þeir hafi farið út og hlaupið beint af augum út á veg áleiðis til Selfoss.

Sérstaklega aðspurður, hvað gerðist, þegar þeir fóru fram hjá verðinum, kvað ákærði H vörðinn hafa eitthvað verið að bogra inni í búri, sem hann er í, og hafi hann farið fram hjá búrinu án þess að gera vart við sig. Kvaðst hann hafa litið við og séð Ragnar Örn vera að læsa herbergi sínu, en síðan komið á eftir honum. Eftir að út var komið, hafi Ragnar sagt við hann: „Tókstu nokkurt merki?“ „Nei“ hafi þá ákærði H sagt. „Fínt“ hafi þá Ragnar sagt.

Í yfirheyrslu þessari lýsti ákærði klæðaburði sínum í umrætt sinn. Hafi hann verið berfættur í Kínaskóm, stuttum nærbuxum, ermalausum bol, gallabuxum, gallavexti og leðurjakka. Hafi hann verið vettlingalaus, húfulaus og án trefils.

Miðvikudaginn 25. janúar 1984, var ákærði enn á ný yfirheyrður. Var þá eftirfarandi haft eftir honum:

„Aðspurður um aðdraganda stroksins segir hann, að sannleikurinn í málinu sé sá, að þeir Ragnar Örn hafi setið uppi á herbergi sínu á efri hæð fangelsisins, en það sé nr. 13, og hafi þeir setið þar inni að spjalli í 15-20 mínútur. Þeir hafi fengið sér tebolla. Aðspurður segir mætti, að hann muni ekki um hvað þeir voru að tala, en heldur þó helst, að hann hafi verið að tala um það við Ragnar að hætta að vera í uppreisnarhug, en það var Ragnar einmitt og hafði t.d. ekki borðað. Mætti segist hafa verið að telja Ragnar á að hætta að vera í uppreisnarhug, en mætti segist ekki minnst þess, að þeir hafi minnst á strok þá.

Mætti segir, að þeir hafi að endingu ákveðið að fara út í æfingasalinn. Hafi Ragnar þá farið á undan út úr herberginu og niður í sitt herbergi til að ná í jakkann sinn. Þegar mætti fór svo niður, sá mætti inn eftir ganginum og sá þá að Ragnar var í herbergisdýrum sínum, en herbergi hans

er rétt innan við búr varðmannsins. Mætti segist svo hafa farið fram hjá verðinum, sem virtist vera upptekinn við eitthvað og því segist mætti í hugsunarleysi hafa farið út, án þess að taka merki. Mætti telur líklegt, að Ragnar hafi séð frá herbergisdýrum sínum, að mætti tók ekki merki. Á leiðinni eftir lóðinni náði Ragnar mætta. Fór þeim þá eftirfarandi á milli:

Ragnar: „Fékkstu nokkurt merki?“

Mætti: „Nei.“

Ragnar: „Það var gott. Nú verður okkar ekki saknað fyrr en klukkuna vantar tuttugu mínútur í tólf og við fáum aldrei betra tækifæri til að strjúka.“

Inni í æfingasalnum fóru mætti og Ragnar að bollaleggja nánar um strokið og kom saman um að fela sig einhversstaðar. Ekki komu þeir sér saman um, hvar felustaðurinn ætti að vera.

Þegar þeir yfirgáfu æfingasalinn í þeim tilgangi að fela sig einhversstaðar, segist mætti hafa fyrst reynt að fara inn á trésmíðaverkstæðið, en það var læst. Hjúp þá Ragnar austur fyrir skálana og norður fyrir og mætti á eftir honum og fóru þeir svo inn um dyrnar á holsteinasteypunni. Þar földu þeir sig fram í myrkur og síðan segir mætti um ferðina frá Litla-Hrauni til Reykjavíkur og dvölna í Reykjavík í strokinu og hafi hún verið í aðaldráttum, eins og hann hafi sagt frá í fyrri skýrslu.“

Aðspurður, hvort þeir Ragnar hefðu rætt um að strjúka, áður en til framkvæmda kom, kvað ákærði svo hafa verið, en þeir hafi ekki ákveðið hvernig og hvenær. Ákærði H kvað meðákærða Ragnar hafa sagt sér 30. des. 1983, að hann væri ákveðinn í að strjúka af vinnuhælinu. Var ætlunin, að einhver vinur Ragnars átti að koma á bílaleigubifreið að Litla-Hrauni og ætlaði Ragnar að „hoppa“ upp í bílinn og fara með honum til Reykjavíkur. Hefði billinn komið á umsömdum tíma, en þennan umrædda dag hefðu verkstjórar ákveðið, að ekki yrði unnið þennan tiltekna dag og hefði Ragnar ekki komist út úr vinnuhælinu.

Þriðjudaginn 31. jan. 1984 var ákærði Ragnar yfirheyrður og kvaðst engu við fyrri skýrslu hafa að bæta.

Sama dag voru ákærðu samprófaðir, og lýsti ákærði H málsatvikum á sama veg og í skýrslu hinn 24. jan. 1984. Kvað ákærði Ragnar skýrslu H ranga hvað sig varði og hafi hann engu við skýrslu sína um strokið að bæta.

Hér fyrir dómi hinn 29. okt. sl. kvað ákærði H ákærulið II ekki réttan. Þeir Ragnar hefðu ekki afráðið í félagi að strjúka saman frá Litla-Hrauni. Skýrsla, sem ákærði gaf hinn 25. jan. 1984 í Síðumúlafangelsinu, væri ekki rétt. Hafi hann gefið hana eingöngu í þeim tilgangi að sleppa úr Síðumúlafangelsi. Kvaðst hann hafa hitt Ragnar af tilviljun á sömu stundu og hann var sjálfur að strjúka í burtu. Kvað ákærði þá hafa farið saman út í leikfimisal um kl. 14:00 í umrætt sinn. Um kl. 15:00 hafi hann farið út úr

leikfimisalnum og að hellustæðunum, þar sem hann kvaðst hafa beðið til kl. 18:00, er hann fór yfir girðinguna.

Ákærði H kvaðst ekki vita, hvenær Ragnar fór út úr leikfimisalnum eða hvort hann fór þaðan. Í réttarhaldi þessu lýsti ákærði H málavöxtum nánar, og var framburður hans efnislega samhljóða skýrslu, dags. 19. jan. 1984.

Í ofangreindu réttarhaldi var ákærða H bent á framburð hans á Litla-Hrauni 31. jan. 1984 og samprófanir sama dag, þar sem hann endurtók fyrri játningu. Kvaðst ákærði H hafa orðið hræddur um, að endurtæki hann ekki fyrri játningar, yrði hann aftur settur í einangrun.

Var ákærða H bent á, að milli kl. 15:00-18:00 hafi skv. framlögðu vottorði Veðurstofu Íslands verið 8-9 stiga frost, og í framhaldi af því var ákærði spurður, hvort hann hafi verið úti allan þann tíma og þá með tilliti til klæðnaðar ákærða á umræddum tíma.

Hélt ákærði H fast við það. Ennfremur var ákærði frekar yfirheyrður, og hélt hann fast við það, að þeir ákærðu hefðu ekki sammælst um að strjúka.

Við meðferð þessa máls hér fyrir dómi hefur ákærði Ragnar ítrekað fyrri framburði sína um strok þeirra ákærðu.

Tekin var lögregluskýrsla af vitninu Þ, refsifanga á Litla-Hrauni, hinn 25. jan. 1984.

Að sögn vitnisins fór ákærði H fljótlega að bollaleggja við vitnið um flóttu, eftir að H kom á vinnuhælið, en vitnið kvað ákærða H vera fyrrverandi mág sinn. Hafi vitnið talið ákærða H af því að strjúka eftir því sem hann gat og raunar aldrei búist við, að H stryki í burtu.

Framangreint vitni kvaðst hafa verið í æfingasalnum mánudaginn 16. janúar 1984, þegar ákærðu komu þangað. Hafi þeir verið að stinga saman nefjum um strok, en vitnið kvaðst ekki hafa skipt sér af þeim. Þó sagðist vitnið hafa heyrt þá tala um, að strokið myndi ekki uppgötvast strax. Kvað vitnið ákærðu hafa verið enn í salnum, þegar það fór þaðan.

Skýrslu þessa staðfesti vitnið, með nafnritun sinni.

Ofangreint vitni var yfirheyrt hér fyrir dómi hinn 29. okt. sl. Kvaðst það ekki nú muna, hvort ákærðu H og Ragnar hafi verið að „stinga saman nefjum um strok“ eða rætt um að strjúka. Kvaðst það vilja draga framburð sinn til baka varðandi strok ákærðu.

Skýrsla þessi var borin undir vitnið og endurtók vitnið, að það myndi ekki, um hvað ákærðu ræddu.

Vitnið Sigurður Ingimundarson, f. 4.12. 1948, fangavörður, sem var í „búrinu“ frá kl. 15:00-15:20 í umrætt sinn, kvaðst í lögregluyfirheyrslu 23. jan. 1984 ekki hafa orðið vart við, að ákærðu færu fram hjá sér í umrætt sinn. Hljóti þeir að hafa laumast fram hjá sér, án þess að það



hafi vitað af því. Kvaðst það minnst þess, að eitt sinn, er það var að afhenda fanga útivistarspjald, þá hafi það séð fanga laumast úr dyrunum, sem voru ólæstar, en aðeins séð á bak hans og ekki þekkt hann.

Kvaðst vitnið hafa hringt strax niður í varðstofu og látið varðstjóra vita af þessu.

Aðspurt hér fyrir dómi kvað vitnið, að sá, sem laumaðist út um dyrnar, hafi komið úr kjallaranum. Kveðst það ekki vita til þess, að neinn hafi smogið fram hjá búrinu, sem vitnið var í. Hafi það eingöngu séð einn mann hverfa út um dyrnar, og það minnst þess ekki að hafa séð annan mann í sömu mund fara út.

Vitnið Eiríkur Guðmundsson, f. 21.6. 1928, skýrði frá því lögregluýfirheyrslu (sic) 23. jan. 1984, að það hafi verið við vinnu í vinnuskálanum, en þar er ofangreindur æfingasalur opinn frá tæplega 15:20 til kl. 17:00. Hafi það fylgst með föngum, sem nýttu útivistartíma sinn, en jafnframt sinnti það símamönnum, sem voru að vinna í skálanum um þetta leyti, og hafi það kannski ekki fylgst með föngum eins vel og ella.

Aðspurt kvaðst vitnið muna, að ákærði H kom í útivistartíma inn í skálann og farið inn í æfingasalinn og verið eitthvað við æfingar, en vitnið kvaðst ekki sérstaklega hafa tekið eftir Ragnari Erni, en það sé ekki að marka, þar eð vitnið var öðrum þræði að sinna símamönnunum.

Aðspurt um steypuskálann kvað vitnið hann alltaf vera opinn og geti hver sem er farið þar inn. Dyrnar að steypuskálanum kvað vitnið ekki sjást frá varðstofu fangelsisins. Í steypuskálanum kvað vitnið vera hvíldarherbergi með sætum og þar inni væri hiti.

Vitnið hefur staðfest ofangreinda skýrslu hér fyrir dómi.

Tekin var skýrsla af Þóri Hafdal Ágústssyni fangaverði hjá lögreglu 23. jan. 1984. Kvaðst hann hafa verið við gæslu í vinnuskálanum umræddan dag, en farið í kaffi kl. 14:55 og komið aftur kl. 15:20. Hafi sitt fyrsta verk verið að líta inn í æfingasalinn og hafi þar enginn verið og hann því læst æfingasalnum.

### III.

Aðfaranótt miðvikudagsins 7. des. 1983 var brotist inn í húsnæði „Video-spóllunnar“, Holtsgötu 1, Reykjavík, og þaðan stolið myndbands-tæki af tegundinni Sony SLL5, árg. 1981.

Við rannsókn RLR á vettvangi fundust fingraför ákærða Ragnars, sem leiddi síðan til handtöku hans.

Við frekari rannsókn málsins hjá RLR játuðu ákærðu Ragnar, G og E að hafa farið að ofangreindum stað í bifreið, sem G þessi ók, en síðan brutust ákærði og E inn í húsnæði „Video-spóllunnar“ og stálu þar mynd-

bandstæki því, sem getur hér um að ofan, á meðan G beið fyrir utan í bifreiðinni. Tæki þetta seldu þeir síðan fyrir kr. 5.000 auk spíra.

Ákærði hefur við meðferð þessa máls hér fyrir dómi játað ofangreinda háttsemi.

### *Niðurstöður.*

#### *Ákæruliður II.*

Ljóst þykir af gögnum málsins, m.a. með hliðsjón af framburðum ákærðu, að fundum þeirra bar saman í herbergi annars þeirra mánudaginn 16. jan. 1984, um kl. 15:00. Þaðan fóru þeir samtímis út úr sjálfu fangelsishúsinu fram hjá fangaverði án þess að taka „útivistarspjöld“ hjá honum, en ákærðu var vel kunnugt um, hvaða tilgangi spjöld þessi þjónuðu. Þaðan fóru þeir út í svonefndan æfingasal, þar sem þeir voru skamma stund, er þeir fóru í felur innan fangelsissvæðisins, þar sem ætlun þeirra var að strjúka úr fangelsinu, þegar tækifæri gæfist. Um kl. 18:00 fóru þeir úr fylgsnum sínum og lögðu af stað til Reykjavíkur, og urðu þeir samferða þangað.

Ákærði Ragnar hefur staðfastlega neitað, að þeir hafi sammælst um strokið. Hafi hann ekki vitað um ákærða H, fyrr en hann kom á eftir honum, þegar út fyrir fangelsissvæðið var komið. Bar ákærði Ragnar, að hann hefði verið einn síns liðs í steypuskálanum, frá því hann kom úr æfingasalnum, þar til hann lagði á flótta.

Ákærði H játaði hins vegar í lögregluþyrheyrslu ítrekað, m.a. við sampröfun og nokkuð ítarlega, að þeir ákærðu hefðu sammælst um strokið og falið sig í ofangreindum steypuskála, áður en þeir lögðu á flótta.

Hér fyrir dómi hinn 29. okt. sl. dró ákærði H, svo sem að framan getur, framburði sína til baka og staðhæfði, að hann hefði játað á sig sakargiftir til að losna úr einangrun.

Með hliðsjón af ofangreindum og afdráttarlausum játningum ákærða H svo og öðrum gögnum máls þessa verður eigi séð, að haldbær rök séu fyrir afturköllun hans á játningu. Telja verður og ósennilegt, að hann hafi dvalist utanhúss í umrætt sinn 2-3 klukkustundir í miklu frosti á nánast inni-klæðum.

Að öllu ofansögðu athuguðu og að öðru leyti með hliðsjón af gögnum máls þessa, þ.á m. skýrslu Þ, dags. 25. janúar 1984, þykir hér mega telja nægilega sannað, að ákærðu hafi sammælst um að hjálpast að að strjúka frá Litla-Hrauni, svo sem greint er í ákæru og þar er réttilega heimfært til refsíákvæða nánar, 110 gr. alm. hgl.

*Ákæruliður III.*

Með játningu ákærða Ragnars, sem er í samræmi við gögn máls þessa, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákærulið III og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

— — —

Ákærði Ragnar er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1977 í Reykjav.: Uppvís að broti gegn 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 21/3 1977.
- 1977 22/5 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt f. brot gegn 21. gr. áfl.
- 1977 1/6 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi, skb. í 2 ár, f. br. g. 244. gr. hgl.
- 1978 29/4 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
- 1978 9/8 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi, skb. í 2 ár, f. brot á 244. og 259. gr. hgl. og 27. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur heimild til ökuleyfis í 1 ár frá birtingu (6/9 1978).
- 1978 7/11 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir br. á 244. og 259. gr. hgl., 25., 26. og 37. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá birtingu.
- 1979 25/1 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur f. brot á 244. gr. hgl. Ekki gjörð sérstök refsing.
- 1979 22/5 í Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi (hegn. auki), f. brot á 1. mgr. 259. gr. hgl. og 1. mgr. 27. gr. umfl.
- 1979 10/7 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. sbr. 20. gr. og 244. gr. hgl. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1979 14/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr., 259. gr. hgl., 25. og 27. gr. umfl. og 24. gr. áfl.
- 1979 19/10 í Reykjavík: Dómur: 300.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 19/10 1979.
- 1980 12/5 í Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi f. brot g. 259. gr. hgl., 25., 27. og 37. gr. umfl. og 24. gr. áfl.
- 1980 29/10 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur f. brot á 244. gr. hgl. Ekki gerð refsing.
- 1981 19/5 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar varðandi dóma frá 14/5 1979 og 22/5 1979: Ákærði sæti 7 mán. fangelsi.
- 1982 19/10 í Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi, hegn. auki, f. brot g. 244. gr. hgl.
- 1982 20/12 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur f. brot g. 1. mgr. 259. gr. hgl. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Ekki gerð refsing.

1983 29/1 í Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar 135 dögum.

1983 5/4 í Reykjavík: *Veitt ökuleyfi á ný.*

1983 27/6 í Reykjavík: Dómur: 12.000 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 27.06. 1983.

Refsing ákærða Ragnars verður tiltekin með hliðsjón af 71., 72., 77. og 255. gr. alm. hgl. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærðu ber að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum, þ.á m. laun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 25.000,00.

Þá ber að dæma ákærða H til að þola upptöku 123,5 gr af kannabisefnum og reykjarpípu skv. 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, svo sem krafist er í ákæru.

Eigi skiptir hér máli við úrlausn ákæruliðs II, þótt ákærðu hafi sætt einangrun skv. 53. gr. regl. nr. 150, 1968, sbr. 46. gr. og 47. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna umfangs málsins svo og anna dómara við önnur störf.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði H sæti fangelsi í 7 mánuði. Gæsluvarðhald ákærða frá 26. jan.-5. febr. 1982 og 21. des.-30. des. 1983, komi ofangreindri refsivist til frádráttar.

Ákærði Ragnar Örn Eiríksson, f. 9. maí 1960, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Upptæk til eyðingar skulu 123,5 gr af kannabisefnum og reykjarpípa.

Ákærðu skulu greiða allan kostnað sakarinnar in solidum, þ.á m. laun skipaðs verjanda þeirra, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 25.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.